

Fundargerð hluhafafundar – Fjárfestingarfélag Þingeyinga ehf.

Mánudaginn 30. desember 2024 kl. 15:00 var haldinn hluthafafundur hlutafélagsins Fjárfestingarfélags Þingeyinga ehf., kt. 610584-0399, að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík. Fundurinn var haldinn á Teams.

I. Til fundarins mættu:

- Bergþór Bjarnason, f.h. Norðurþings
- Björn S. Lárusson, f.h. Fræ ehf. (100% í eigu Langanesbyggðar)
- Pétur Snæbjörnsson f.h. Reynihlíðar ehf.
- Valdimar Halldórsson f.h. SANA

Auk ofangreindra voru einnig viðstaddir Pétur Grétarsson, f.h. Byggðastofnunar, Alfreð Andri Alfreðsson lögfræðingur, og Rúnar Bjarnason, löggiltur endurskoðandi frá PricewaterhouseCoopers ehf.

Mætt var fyrir meirihluta hlutafjár, samtals 91,2% útgefinna og virkra hluta í félaginu. Eigin bréf eru 31,49% og ekki talin með.

II. Dagskrá fundarins

Dagskrá fundarins var samkvæmt fundarboði sem hér segir:

- Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Kaup á eignarhlutum í félögum
- Sala á eigin bréfum
- Hækkun hlutafjár
- Breyting á samþykktum
- Önnur mál.

Á fundinum gerðist þetta:

1. Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara

Stjórnarformaðurinn Bergþór Bjarnason setti fund og óskaði eftir athugasemdum við fundarboðin. Fundarmenn gera ekki athugasemd við boðun fundarins sem þeir lýsa löglega og í samræmi við samþykktir félagsins. Fundurinn er því ályktunarhæfur á grundvelli samþykktu félagsins og ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Gerð var tillaga Alfreð Andra Alfreðsson sem fundarstjóra og Pétur Snæbjörnsson sem fundarritara og voru þeir kosnir með 100% atkvæða. Könnuð voru umboð frá hluthöfum og voru þau samþykkt athugasemdalaust.

2. Kaup á eignarhlutum í félögum

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir tillögu um kaup á eignarhlutum í félögum, forsögu og forsendur.

Fundarstjóri bar næst tillög um kaup á eignarhlutum í félögum undir atkvæði og var tillagan samþykkt samhljóða. Var stjórn veitt heimild til þess að rita undir kaupsamninga þess efnis.

3. Sala á eigin bréfum

Stjórnarformaður félagsins lagði til að eigin bréf félagsins yrðu seld. Eigin bréf eru nú að nafverði kr. 3.305.944, eða samtals 31,49% af heildarhlutum félagsins. Lagt er til að selja bréfin til Norðurþings á genginu 6,7625, þ.e. að verðmæti kr. 22.356.462 og að heimilt verði að greiða með skuldajöfnun. Norðurþing mun eiga kröfu á hendur félaginu vegna kaupa

Fjárfestingarfélag Þingeyinga á eignarhlutum í félögum skv. ofangreindu. Bókfært virði kröfunnar nemur 39.996.245 og mun lækka um kr. 22.356.462 við kaup Norðrþings á bréfunum og standa í kr. 17.639.782 eftir sölu.

Samþykkt samhljóða.

4. Hækkun hlutafjár

Stjórnarformaður félagsins lagði til að hlutafé félagsins yrði hækkað um kr. 14.046.770 hluti að nafnverði á genginu 6,7625, þ.e. samtals að fjárhæð kr. 94.991.351.

Eftirfarandi hluthöfum verði heimilt að skrá sig fyrir hlutafé og greiða fyrir hækkunina sbr. neðangreint:

- Norðrþingi verði heimilt að skrá sig fyrir hlutum að nafnverði kr. 2.608.469 á genginu 6,76256,7625, þ.e. að verðmæti kr. 17.639.782 og greiða fyrir hlutina með skuldajöfnun/kröfu. Bókfært virði kröfunnar nam kr. 17.639.782. Eftir greiðslu kröfunnar hefur skuldin verið afmáð úr bókum félagsins. Við verðmat var stuðst við bókfært virði kröfunnar.
- Byggðastofnun verði heimilt að skrá sig fyrir hlutum að nafnverði kr. 9.811.097 á genginu 6,7625, þ.e. að verðmæti kr. 66.347.593 og greiða fyrir hlutina með skuldajöfnun/kröfu og peningum. Bókfært virði kröfunnar nam kr. 20.563.540. Eftir greiðslu kröfunnar hefur skuldin verið afmáð úr bókum félagsins. Við verðmat var stuðst við bókfært virði kröfunnar. Byggðastofnun greiðir auk þess kr. 45.784.053 í peningum.
- Fræ ehf. verði heimilt að skrá sig fyrir hlutum að nafnverði kr. 559.987 á genginu 6,7625, þ.e. að verðmæti kr. 3.786.914 og greiða fyrir hlutina með skuldajöfnun/kröfu. Bókfært virði kröfunnar nam kr. 3.786.914. Eftir greiðslu kröfunnar hefur skuldin verið afmáð úr bókum félagsins. Við verðmat var stuðst við bókfært virði kröfunnar.
- Langesbyggð verði heimilt að skrá sig fyrir hlutum að nafnverði kr. 591.591 á genginu 6,7625, þ.e. að verðmæti kr. 4.000.637 og greiða fyrir hlutina með skuldajöfnun/kröfu. Bókfært virði kröfunnar nam kr. 4.000.637. Eftir greiðslu kröfunnar hefur skuldin verið afmáð úr bókum félagsins. Við verðmat var stuðst við bókfært virði kröfunnar.
- Tjörneshreppi verði heimilt að skrá sig fyrir hlutum að nafnverði kr. 475.626 á genginu 6,7625, þ.e. að verðmæti kr. 3.216.425 og greiða fyrir hlutina með skuldajöfnun/kröfu. Bókfært virði kröfunnar nam kr. 3.216.425. Eftir greiðslu kröfunnar hefur skuldin verið afmáð úr bókum félagsins. Við verðmat var stuðst við bókfært virði kröfunnar.

Aðrir hluthafar falla frá forkaupsrétti sínum vegna ofangreindrar hlutafjáraukningar.

Til upplýsingar þá er upplaggið þannig að þeir hluthafar sem ekki eru að taka þátt í aukningunni er eins settir fyrir og eftir varðandi hlutdeild í endurmetnu eigin fé sem byggt er á við þessa aukningu.

Samþykkt samhljóða.

5. Breyting á samþykktum

Fundurinn samþykkir að fela stjórninni að auka hlutafé félagsins í kr 24.546.770 og ganga frá nauðsynlegri skjalagerð þess vegna.

Samþykkt að 4. gr. samþykkt félagsins verði breytt í ljósi hækkunar á hlutafé félagsins, þannig að fjöldi hluta verði kr. 24.546.770 í stað áður kr. 10.500.000. Tilkynning þess efnis verður send Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra ásamt viðeigandi gögnum til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.

Rætt um uppgjör ársins 2024 og frágang verkefna þessara funda og að því verð lokið í janúarmánuði 2025 og stefnt að því að halda aðalfund fyrir lok þess mánaðar.

Fleira ekki gert.

Fundarritari falið að ganga frá fundargerð og senda viðstöddum að fenginni staðfestingu formanns og fundarstjóra.

Fundarstjóri lagði til að sér yrði falið að fullgera fundargerð. Í kjölfarið mun fundarstjóri og stjórnarformaður staðfesta hana með undirskrift. Var sú tillaga samþykkt.

Fundi slitið kl. 15.35.

Alfreð Andri Alfreðsson, fundarstjóri

Pétur Snæbjörnsson, fundarritari

Bergþór Bjarnason, stjórnarformaður

Undirritunarsíða

fundarstjóri
Alfreð Andri Alfreðsson

fundarritari
Pétur Snæbjörnsson

stjórnarformaður
Bergþór Bjarnason